Iðn- og starfsmenntun

Hvítbókinni fylgt eftir

HVÍTBÓK… OG HVAÐ SVO?

ÁRSÆLL GUÐMUNDSSON

19. janúar 2016

Hvað er að frétta?

EKKERT!

… eða hvað?

Hvað segir um starfsnám í hvítbókinni?

- … jafnframt verði unnið að styttingu starfsnáms
- Starfsnám verði endurskoðað með einföldun grunnnáms og uppbyggingu fagháskólastigs í huga
- 14% nemenda innritast á starfsnámsbrautir
- Um 55% þeirra sem innrituðust á starfsnámsbrautir höfðu ekki lokið námi að loknum sex skólaárum
- 35,5% starfsnámsnemenda eru 25 ára eða eldri
- Margir sem hverfa frá námi hefja síðar nám á starfsnámsbrautum eftir að hafa verið í vinnu.
- Einnig er vitað að sumir sem ljúka stúdentsprófi hefja síðan starfsnám á framhaldsskólastigi
- Loks má nefna að þeir sem leggja stund á starfsnám virðast flestir hefja það nám eftir tvítugt og meðalaldur þeirra sem ljúka starfsnámi er hár.
- Mögulegar aðgerðir:

  … um leið verði unnið að styttingu starfsnáms.

  Uppbygging starfsnáms verði endurskoðuð

Hvað segir um starfsnám í hvítbókinni?

Bæði þeir sem hafa áhuga á starfsnámi og hinir sem hafa þegar innritað sig, eiga erfitt með að átta sig á flóknum og fjölbreytilegum námssviðum og námstilboðum sem keppa hvert við annað.

Tengsl starfsnámsbrauta í framhaldsskólum við starfsnám á háskólastigi eru veik á Íslandi að mati OECD. Þess eru dæmi að meta mætti framhaldsskólaáfanga til háskólaeininga en slíkar einingar eru alla jafna ekki viðurkenndar af háskólum, sem er ekki til þess fallið að greiða götu þeirra nemenda sem vilja mennta sig frekar.

Að stjórnsýslu starfsmenntamála starfa nú á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis sjötíu nefndir alls og í þeim eru hartnær þrjú hundruð og fimmtíu manns. Má þar nefna starfsgreinaráð, starfsgreinanefnd, nemaleyfisnefndir og sveinsprófsnefndir. Samið hefur verið við einkaaðila – Iðuna fræðslusetur ehf. og Fræðslumiðstöð rafiðnaðarins ses. – um að annast umsýslu margra þessara nefnda og ráða, ásamt samningum um vinnustaðanám

Ákveðið hefur verið að efna til formlegs samráðs milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og aðila vinnumarkaðarins um frekari stefnumótun um starfsnám og hvernig staðið verður að inn-leiðingu breytinga.Í því starfi verður sérstaklega horft til eftirfarandi atriða:

1. Endurskipulagningar náms á starfsmennta-brautum með einfaldara grunnnám að leiðarljósi, þrepaskiptingu, hæfnikröfum og styttingu námstíma.
2. Að allt starfsnám feli í sér vinnustaðanám, en gæðamat, ábyrgð og fjármögnun vinnustaðanáms verði endurskoðuð.
3. Að laga- og stofnanaumgjörð starfsnáms eftir framhaldsskóla verði endurskoðuð og afstaða tekin til þess hvort stofna skuli sérstakt fagháskólastig.
4. Bættrar stýringar og stjórnsýslu starfsmennta-mála með því að endurmeta hlutverk nefnda og ráða og skilgreina hlutverk aðila á því sviði.
5. Að náms- og starfsráðgjöf og starfsfræðsla verði efld, bæði í efstu bekkjum grunnskóla og á fyrsta ári framhaldsskóla, og útt verði undir að fleiri nemendur velji sér starfsnám.

Hvar endaði þráðurinn?

Verkefnishópur um starfsnám

Hópurinn taldi mikilvægt að skilgreina ákveðin meginmarkmið starfsmenntunar sem yrðu höfð að leiðarljósi í þeirri vinnu sem framundan var. Þau voru:

- Bjóða upp á krefjandi nám til starfa með því að þróa færni og hæfni nemenda sem stuðlar að samkeppnishæfu og öflugu atvinnulífi og hvetur til náms alla ævi.
- Bjóða upp á starfsnám sem höfðar til ungs fólks og undirbýr það fyrir þátttöku í samfélaginu og þarfir vinnumarkaðarins á hverjum tíma og áframhaldandi starfsnáms.
- Stuðla að skýru og skilvirku námskerfi sem byggir á samvinnu og þátttöku samfélagsins (skólasamfélagið - atvinnusamfélagið) með hliðsjón að nýsköpun, þróun og framtíðarsýn.
- Tryggja sjálfbærni atvinnugreina og tækifæri til náms til framtíðar.
- Undirbúa nemendur til frekara náms á háskólastigi eins og við á.

Tillögur verkefnishópsins

Skilvirkni

- Koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda.
- Tillögur um níu aðgerðir er lúta að ábyrgð gagnvart starfsnámsnemendum, breiðu grunnnámi, inn- og útgönguleiðum, ferilbókum, víxlverkun, íslenskum hæfniramma, hæfnikröfum, aðgangsstýringum og menntaklösum.

Vinnustaðanám

- Efla vinnustaðanám og skapa aðstöðu fyrir alla nemendur til að ljúka sínu námi.
- Tillögur um sex aðgerðir sem lúta að opnum vinnustaðasamningum, ferilbókum, þjálfun leiðbeinenda á vinnustöðum, vinnustaðanámssjóði, vinnustaðaleið og tengiliði milli skóla og vinnustaða.

Fagháskólastig

- Byggja upp fagháskólastig til framtíðar.
- Tillögur umtvær aðgerðir er lúta að kortlagningu á núverandi námsleiðum og að skipa nefnd til að skilgreina fagháskólastigið.

Skilvirk stjórnsýsla

- Koma á skilvirkri stjórnsýslu starfsmenntamála.
- Tillögur um tíu aðgerðir sem lúta að ráðuneytinu, starfsgreinaráðum, nemaleyfisnefndum, sveinsprófsnefndum, miðlægri upplýsingaveitu, reglulegum úttektum og gæðakerfi, hlutverki þjónustuaðila auk þess að koma á stefnumótandi nefnd.

Fleiri nemendur

- Fjölga nemendum sem velja starfsnám á framhaldsskólastigi og ljúka því.
- Tillögur um fimm aðgerðir um uppbyggingu stuðningsnets nemenda, að auka kynningu á starfsnámi og að efla hlutverk náms- og starfsráðgjafa.

“Draumsýn” starfsmenntunar



Hvar endaði þráðurinn?

Samráðshópur veitti ráðgjöf við rýni á tillögum verkefnishópsins og setti fram tillögur

Ráðuneytið hefur nú rýnt tillögurnar og greint þær í fimm þætti: **1)** Tengsl atvinnulífs og skóla, framkvæmd starfsnáms **2)** Námskrárvinna, endurskoðun og skipulag, **3)** Vinnulag, innleiðing kerfis, **4)** Starfsgreinaráð, hlutverk og virkni 5) Upplýsingagjöf, náms- og starfsráðgjöf auk annarra þátta sem nú þegar eru í vinnslu hjá ráðuneytinu. Í viðauka er tafla sem sýnir þessa þætti, fyrstu drög að verklagi og tengsl við einstaka þætti aðgerðaráætlunarinnar. Í myndinni hér fyrir neðan er vísað í þessa þætti með tölustöfunum 1, 2, 3 og 4.

http://www.menntamalaraduneyti.is/media/hvitbokargogn/s1.-Urvinnsla-og-tillogur-um-starfsmenntun.pdf

Niðurstaða ráðuneytisins

- **Koma á markvissu og skilvirku starfsnámi sem höfðar jafnt til yngri sem eldri nemenda.Efla vinnustaðanám og skapa aðstöðu fyrir alla nemendur til að ljúka sínu námi**.
  Ráðuneytið mun beita sér fyrir því að árin 2015-2019 verði unnið að endurskoðun alls starfsnáms með því markmiði að:
  - *formgera tengsl atvinnulífs og skóla um ábyrgð, samstarf og framkvæmd,*
  - *endurskoða starfsnámsbrautarlýsingar með tilliti til innihalds og framkvæmdar s.s. víxlverkunar og styttingar,*
  - *innleiða ferilbækur fyrir námið í heild sinni,*
  - *námið sé betur tengt atvinnulífi landsins.*

  Vinna er þegar hafin að því að formgera samvinnu atvinnulífs og skóla og getur því komið framkvæmda árinu 2015.
- **Byggja upp faghásskólastig til framtíðar.**
  Ráðuneytið undirbýr skipun vinnuhóps sem á að athuga möguleika á stofnun faghásskólastigs og gera tillögur um næstu skref.
- **Koma á skilvirkri stjórnsýslu starfsmenntamála**
  Endurskoðað verður hlutverk, verklag og virkni starfsgreinaráða. Jafnframt verða skipaðir tilfallandi hópar um einstök mál um stjórnsýslu og úrvinnslu á málum sem koma upp í samvinnu atvinnulífs og skóla.
- **Fjölga nemendum sem velja starfsnám á framhaldsskólastigi og ljúka því.**
  Menntamálastofnun hefur verið falið að veita stórauknar upplýsingar um innihald og tölfræði náms og námstilboða. Tillögur um aðgerðir um kennaramenntun, starfsþróun kennara og náms- og starfsráðgjöf verða gerðar undir forystu ráðuneytisins.

Þráðurinn tekinn upp

Verkefnið:

- Efla samstarf hagsmunaaðila,
- Endurskoða námsbrautalýsingar
- Innleiða nýtt kerfi (nefndir, leyfi, próf o.fl)
- Auka áhuga fólks á starfsnámi

Þráðurinn tekinn upp

Yfirmarkmið:

Að íslenskt starfs- og verknám á framhaldsskólastigi sé skipulagt og framkvæmt þannig að nemendum víðs vegar um landið bjóðist heildstætt og markvisst nám sem veitir góðan undirbúning fyrir ákveðin störf og veiti tækifæri til starfsþróunar innan viðkomandi starfssviðs.

Þráðurinn tekinn upp

Undirmarkmið:

- að allt starfs- og verknám sé unnið í góðum tengslum atvinnulífs og skóla hvað varðar ábyrgð, samstarf og framkvæmd.
- að allar starfsnámsbrautarlýsingar séu skipulagðar með hliðsjón af hæfnikröfu viðkomandi starfa og þeirri sýn að leið nemandans í gegnum námið, til að fá tilskilin réttindi og valmöguleikar á framhaldsmenntun sé einföld og skýr.
- að öllum nemendum yngri en 18 ára gefist kostur á að taka í eða nálægt heimabyggð, nám sem nýtist sem fyrri hluti verk- og starfsnáms án þess að það lengi heildarnámstíma þeirrar verk- og starfsmenntunar sem þeir kjósa að stunda.
- gera starfsnám meira aðlaðandi fyrir ungt fólk og auka aðsókn í starfsnám.

Skólar

Skóli	Landshluti
Borgarholtsskóli	Höfuðborgarsvæðið
Fisktækniskóli Íslands	Reykjanes
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Höfuðborgarsvæðið
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	Höfuðborgarsvæðið
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Höfuðborgarsvæðið
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Norðurland
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Vesturland
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Suðurland
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Reykjanes
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Vesturland
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði	Höfuðborgarsvæðið
Framhaldsskólinn á Húsavík	Norðurland
Framhaldsskólinn á Laugum	Norðurland
Framhaldsskólinn í Austur - Skaftafellssýslu	Austurland
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Höfuðborgarsvæðið
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Suðurland
Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað	Austurland
Hússtjórnarskóli Reykjavíkur	Höfuðborgarsvæðið
Kvennaskólinn í Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið
Landbúnaðarháskóli Íslands	Vesturland
Menntaskóli Borgarfjarðar	Vesturland
Menntaskólinn á Akureyri	Norðurland
Menntaskólinn að Laugarvatni	Suðurland
Menntaskólinn á Egilsstöðum	Austurland
Menntaskólinn á Ísafirði	Vestfirðir
Menntaskólinn á Tröllaskaga	Norðurland
Menntaskólinn í Kópavogi	Höfuðborgarsvæðið
Menntaskólinn í Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið
Menntaskólinn við Hamrahlíð	Höfuðborgarsvæðið
Menntaskólinn við Sund	Höfuðborgarsvæðið
Myndlistaskólinn á Akureyri	Norðurland
Myndlistaskólinn í Reykjavík	Höfuðborgarsvæðið
Tækniskólinn	Höfuðborgarsvæðið
Verkmenntaskóli Austurlands	Austurland
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Norðurland
Verzlunarskóli Íslands	Höfuðborgarsvæðið

Atvinnulíf

Samráðið

2003. Málþing um iðn- og tæknimenntun.

2011. Málþing um námskrárgerð í framhaldsskólum.

2012. Starfsmenntun – hvert skal stefna.

Natlogue = National dialogue

2013. Samtal um starfsmenntun.

2015. Málstofa um starfsmenntun.

2015. Hvítbók um umbætur í menntun.

2015. Verkefnisáætlun hvítbókar um starfsnám.

Niðurstaða samtala

Fjölga nemendum í starfsnámi.

Styrkja samráð/samstarf skóla og atvinnulífs.

Auka framboð vinnustaðanáms.

Styrkja vinnustaðanám.

Starfsnám er mikilvægt fyrir íslenskt samfélag.

Starfsgreinaráð virka ekki sem skyldi.

Verkferlar óljósir eða ekki virtir.

Stytting starfsnáms???

Stytting starfsnáms

- Að ýmsu leyti er flóknara að koma á styttingu starfsnámsbrauta en bóknámsbrauta, því að þar er um að ræða nám sem fer fram bæði í skólum og á vinnustöðum.
- Lengd iðnnáms er þrjú til fjögur ár.
- Starfsnám í nágrannalöndum tekur að öllu jöfnu þrjú ár og því ætti að vera mögulegt að stytta námstímann í einstökum iðngreinum.
- Lengd námstíma í starfsnámi getur hins vegar verið tengd kjörum viðkomandi starfsstétta og því þarf að gera ráð fyrir lengri tíma til að undirbúa styttingu starfsnáms en bóknáms.
- Sú vinna þarf að fara fram samhliða endurskoðun á námsuppbyggingu í starfsnámi.

Nefnd um mótun menntastefnu. 1995

Fyrirheitna starfsnámslandið – hvernig lítur það út og hvernig komumst við þangað?







Fyrir 25 árum...

- voru farsímarnir á stærð við skókassa og í eigu fárra
- iPad var ekki til
- CD- var ekki notað í tölvur
- DVD – var ekki til
- voru sjónvarpsstöðvarnar á Íslandi tvær
- var Kringlan í byggingu og Smáralind ekki til
- var einn internetaðgangur á Íslandi – á Kópaskeri
- átti enginn nemandi fartölvu
- voru flatskjáir ekki til
- var MacIntosh Classic tölvur vinsælar
- vissi enginn hvað fjarfundabúnaður var
- var ljósleiðari ekki þekkt hugtak

Fyrir 25 árum...

- voru engin Hvalfjarðargöng
- áttu sumir framhaldsskólanemendur bíla
- voru engar símenntunarmiðstöðvar starfandi
- voru nálaprentarar vinsælir
- þekktust ekki digital myndavélar
- voru engin samskipti með Facebook
- var reykt í skólum
- voru fáir háskólar starfandi á Íslandi
- notaði hver fjölskylda aðeins eina fjarstýringu
- var starfandi eitt símafyrirtæki á Íslandi
- byrjaði Seðlabankinn að afla upplýsinga um útflutning á íslenskum hugbúnaði

Fyrir 25 árum...

- voru útflutningsverðmæti hugbúnaðar um kr 33 milljónir
- var ekki til nein skrá yfir eignir ríkisins
- voru Íslendingar nýbyrjaðir að spila í Lottó
- áttu börn og unglingar almennt ekki sjónvarp
- var Twitter óþekkt
- var niðurhal óhugsandi
- voru fyrstu hlutabréfin skráð í Kauphöll Íslands.
- hlaut Namibía sjálfstæði
- var fyrsti einkabankinn stofnaður á Íslandi
- fór enginn í heimabanka
- app þekktist ekki

Fyrir 25 árum...

- voru engin netkaffihús
- réðust Írakar inn í Kuwait
- sameinuðust þýsku ríkin eftir fall Berlínarmúrsins
- var Windows-stýrikerfið að stíga sín fyrstu spor
- var geymslurými Skýrr um 70GB
- var útflutningur hátækniiðnaðar innan við 1% af því sem nú er.
- fær samskiptaverkefni milli tölva heitið World Wide Web í Bandaríkjunum
- var í fyrsta skipti á Íslandi hægt að fá fría heimsendingu á pizzum.
- voru Simpsonþættirnir fyrst sýndir í sjónvarpi.
- var hvorki hægt að gúggla sig frá vandamálum né til þekkingar

Fyrir 25 árum...

... fæddist starfsnámsnemandi haustsins 2016

(... og við fæddumst í gamla daga)

Næstu skref?

Víðtæk sátt og samstarf um hvað verður gert og hvernig

… það mikilvægasta

Framleiðslan
Framleiðsluferlið
Samskipti

Hátæknivinnsla rís á nokkrum mínútum

18.01.2016 - 08:56 Innlent · Sjávarútvegsmál Bein slóð

Mynd: N4 - RÚV

http://singularityhub.com/2013/06/04/chinese-firm-gains-approval-hype-to-raise-worlds-tallest-building-in-only-90-days/

China has ten cities bigger than New York. Almost half of the world's 20 tallest skyscrapers under construction today are in China. Naturally, China's builders are chomping at the bit to get things done, like yesterday. But no one can erect the tallest skyscraper on the planet in three months… right?

Readers with a viral video habit may have heard of BSB or at least seen what they can do. The firm builds prefabricated parts offsite, transports them to a chosen location, and raises the final structure lightning quick. It's a matter of process and pre-assembled parts packed with bolts in place and snapped together on site. In 2011, they raised a 30-story apartment building in 15 days. The time lapse is surreal.

https://www.youtube.com/watch?v=rwvmru5JmXk

Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2016

22.10.2015

Innritun í dagskóla á vorönn 2016 fer fram 1. til 30. nóvember 2015.

Innritun fer frá á www.menntagatt.is

Innritun á vorönn 2016

Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2016

Innritun í dagskóla á vorönn 2016 fer fram á **www.menntagatt.is** dagana 1. til 30. nóvember 2015.

Sótt er um rafrænt á www.menntagatt.is og þarf til þess Íslykil, auðkennislykil eða rafræn skilríki. Þeir nemendur sem eiga ennþá veflykil frá lokum 10. bekkjar geta notað hann til að sækja um.

Menntamálastofnun hefur umsjón með innrituninni og eru nánari upplýsingar veittar í síma 514 7500.



Umsóknir um nám í kvöldskóla og fjarnám

Innritun í kvöldskóla, fjarnám og annað nám utan dagskóla fer fram í þeim framhaldsskólum sem bjóða upp á slíkt nám.

Skólarnir auglýsa umsóknarfrest vegna þessa og leggja til umsóknareyðublöð, en ekki er sótt um þess konar nám rafrænt á Menntagáttinni.

Allar nánari upplýsingar um innritun á vorönn 2016 eru veittar hjá framhaldsskólunum. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið **innritun@mms.is**.

MENNTAMÁLASTOFNUN

"Látið ekki lærdóminn gera ykkur ómannleg. Þá er hann aðeins menntunarlaus þekking. Þekkingin verður þá fyrst menntun, er hún hefur verið krufin til mergjar af frjálsri og sjálfstæðri hugsun."

Þórarinn Björnsson, skólameistari